

Föstudaginn 19. júní 1987.

Nr. 33/1986.

Eyragrill sf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn

Erlu Haflíðadóttur

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Patrekshreppi

(Benedikt Blöndal hrl.)

Brunabótafélagi Íslands

(Benedikt Blöndal hrl.)

Ríkissjóði

Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.)

Byggðastofnun

(Stefán Pétursson hrl.)

Ferðamálasjóði

Eyrasparisjóði

(Benedikt Blöndal hrl.)

Fjárfestingarfélagi Íslands hf.

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Stálhúsgagnagerð Steinars hf.

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Húsasmiðjunni hf.

(Jón G. Zoega hrl.)

Vélsmiðjunni Héðni hf.

(Jón G. Zoega hrl.)

Samvinnutryggingum g.t.

Iðnaðarbanka Íslands hf. og

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Árna Pálssyni héraðsdómslögmanni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Nauðungaruppböð. Áfrýjun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. janúar s.á. Krefst hann þess, að „hið áfrýjaða uppboð verði dæmt ógilt og felld úr gildi í heild sinni“. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum fyrir Hæstarétti.

Stefndu Húsasmiðjan hf., Vélsmiðjan Héðinn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf. og Árni Pálsson taka undir kröfur áfrýjanda um að hið áfrýjaða uppboð verði felld úr gildi, en krefjast sýknu af málskostnaðarkröfunni.

Stefndu Erla Hafliðadóttir, Patrekshreppur, Brunabótafélag Íslands, Landsbanki Íslands, Bygðastofnun, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Stálhúsgagnagerð Steinars hf. og Sláturfélag Suðurlands krefjast staðfestingar uppboðsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu ríkissjóðs, sem stefnt er í málinu, var lögð fram greinargerð og þar krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti að því er þennan aðila varðar. Til vara er krafist sýknu.

Ekki var sótt þing af hálfu stefnda ríkissjóðs eftir að greinargerð var lögð fram. Af hálfu stefndu Ferðamálasjóðs, Eyraspárisjóðs og Samvinnutrygginga g.t. voru engar kröfur gerðar hér fyrir dómi.

Hinn 19. nóvember 1984 beiddist Stálhúsgagnagerð Steinars hf. þess að fasteignin Eyragrill við Eyragötu á Patreksfirði yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð 110.987,00 krónur auk vaxta og kostnaðar, samkvæmt heimild í fjárnámsgerð 25. október s.á. Hinn 21. sama mánaðar beiddist Húsasmiðjan hf. uppboðs á sömu eign fyrir skuld að fjárhæð 49.277,70 krónur auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámsgerð 29. ágúst 1984, og Garða-Héðinn hf. beiddist sama dag uppboðs fyrir skuld að fjárhæð 10.813,00 krónur auk vaxta og kostnaðar eftir heimild í fjárnámsgerð einnig frá 29. ágúst 1984. Enn beiddust Samvinnutryggingar g.t. þess 7. janúar 1985 að sama fasteign yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð 29.607,90 krónur auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámsgerð 30. nóvember 1984. Uppboðsauglýsing var gefin út 8. febrúar 1985 og birt í Lögbirtinga- blaði 22. febrúar, 5. mars og 12. mars 1985.

Eftir útgáfu uppboðsauglýsingarinnar bárust fleiri uppboðsbeiðnir byggðar á fjárnámum.

Í öllum fjárnámsgerðunum er hið fjárnumda verðmæti tilgreint sem fasteignin Eyragrill við Eyragötu á Patreksfirði en í uppboðsskilmálum, dags. 10. apríl 1985, sem húseignin Veitingahús Vatneyri Patreksfirði með tilheyrandi lóð.

Uppboð á eigninni fór fram 23. maí 1985. Meðal þeirra sem sóttu uppboðsþingið var umboðsmaður stefnda Landsbanka Íslands. Lagði hann fram bréf dags. sama dag, þar sem hann krafðist þess að bankinn fengi að ganga inn í uppboðið og skírskotaði um það til tveggja veðskuldabréfa útgefinna 8. júlí og 16. ágúst 1983, að fjárhæð 150.000,00 krónur og 50.000,00 krónur með 1. og 2. veðrétti í „veitingahúsinu við Eyragötu á Patreksfirði, svonefndu Eyragrilli“.

Á sölupinginu kom aðeins eitt boð í eignina, frá stefnda Eyra-sparisjóði, og var þess krafist af hálfu uppboðspola að fram færi annað og síðara uppboð. Var ákveðið að það uppboð færi fram 5. september 1985.

Er uppboðið var tekið fyrir í uppboðsréttinum á hinum tiltekna degi var því frestað til 16. október og þá aftur til 18. október. Var uppboðið á þeim degi fyrst tekið fyrir á eigninni sjálfri en uppboðsrétturinn síðan fluttur í dómssal sýslumannsembættisins á staðnum og uppboðinu haldið fram þar. Lauk uppboðsþinginu svo að hæstbjóðandi varð stefnda Erla Hafliðadóttir er bauð 1.900.000,00 krónur í eignina, og var boð hennar samþykkt.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar um að uppboðið verði fellt úr gildi á því að margvíslegir annmarkar hafi verið á framkvæmd þess.

Af hálfu ríkissjóðs hefur verið krafist frávísunar að því er hann varðar. Í úthlutunargerð 10. desember 1985 segir, að greidd sé forgangskrafa um skipulagsgjald til ríkissjóðs. Frávísunarkrafan verður því ekki tekin til greina, þar sem ríkissjóður er aðili uppboðsins eftir 3. tölulið 8. gr. upboðslaga.

1) Því er haldið fram, að uppboðsmálið hafi átt að fella niður á fyrra sölupingi 23. maí 1985, þar sem boð það, sem gert var og nam 400.000,00 krónum, hafi verið svo lágt, að enginn „þáverandi uppboðsbeiðenda hefði fengið greitt upp í kröfu sína, sbr. 28. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949“.

Með bréfi rituðu á uppboðsdegi óskaði Landsbanki Íslands þess að ganga inn í uppboðið. Er um heimild vísað til tveggja veðskulda-

bréfa, sem fylgdu í ljósriti. Þótt skuldabréf þessi fylgdu ekki í frumriti verður að telja, að bankinn hafi með lögmætum hætti gengið inn í uppboðið eins og hér stóð á. Þar sem hann átti bæði 1. og 2. veðrétt í eigninni, verður krafa áfrýjanda ekki byggð á þessari röksemd.

2) Bent er á, að ólöglærðir menn hafi sótt uppboðsþing 23. maí og 18. október 1985 fyrir áfrýjanda, og því haldið fram, að þeir hafi ekki notið leiðbeininga dómara í þeim mæli, sem átt hafi að vera eftir 114., sbr. 223. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Af bókunum um uppboðsþingin, sem hér koma við sögu, verður ekki annað ráðið en að hagsmuna áfrýjanda hafi verið gætt eftir því sem efni stóðu til. Þykir ekki fram kominn næg ástæða til að taka kröfu hans hér fyrir dómi til greina af þeirri ástæðu að skort hafi leiðbeiningar.

3) Áfrýjandi bendir á, að uppboðsskilmálar hafi ekki, svo að séð verði af uppboðsbók, verið lesnir 23. maí 1985. — Ekki er fram komið, að athugasemdir hafi verið gerðar við skilmálana fyrir þingið, en þeir lágu þar frammi. Þó að ekki sýnist hafa verið gætt 26. gr. uppboðslaga um upplestur þeirra, þykir það ekki geta leitt til ómerkingar, enda voru skilmálarnir með venjulegum hætti.

4) Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að tilkynningar til veðhafa um nauðungarsöluna hafi ekki verið í samræmi við 22. gr. 3. mgr. uppboðslaga. Sölupingið 18. október 1985 var sótt fyrir stefndu Brunabótafélag Íslands, Landsbanka Íslands, Byggðastofnun, Ferðamálastjóð, Eyrasparisjóð, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Stálhúsgagnagerð Steinars hf. og Sláturfélag Suðurlands. Kemur þá til athugunar, hvort þess hafi verið gætt að tilkynna öðrum veðhöfum með fullnægjandi hætti um uppboðið.

Samkvæmt málsgögnum voru send símskeyti til ýmissa aðila 14. október, þar sem sagt var, að annað og síðasta nauðungaruppboð á Eyragrilli færi fram 16. október. Verður að byggja á því, að slík skeyti hafi verið send lögmönnum Húsasmiðjunnar hf., Garða-Héðins hf., en Vélsmiðjan Héðinn hf. hefur tekið við málinu af þessu félagi, Samvinnutrygginga g.t. og Iðnaðarbanka Íslands hf., svo og Árna Pálssyni hdl. persónulega. Hinn 16. október var þinginu frestað vegna samgöngutruflana, en ekki verður litið svo á, að það hafi í þessu sambandi þýðingu að lögum. Kemur eftir þessu aðeins til

álita hvort tilkynning hafi verið send Patrekshreppi þar sem uppboðshaldari var innheimtumaður ríkissjóðs. Hreppurinn átti lága forgangskröfu, sem greiddist að fullu, og var þess ekki að vænta, að lokaboð hækkaði vegna nærveru fulltrúa hans á sölupinginu. Voru hagsmunir áfrýjanda því ekki skertir vegna hugsanlegra galla á tilkynningum til hreppsins. Þarf þá ekki að kanna frekar tilkynningar, sem sendar voru 14. október 1985 eða fyrr, en þær voru margar, en telja ber, að þessi röksemd áfrýjanda leiði ekki til ógildingar hins umdeilda uppboðs.

5) Áfrýjandi heldur því fram, að ekki hafi verið auglýst í dagblaði, að bjóða ætti Eyragrill upp, svo sem hafi átt að vera eftir 22. gr. 2. mgr. uppboðslaga. Því er haldið fram af hálfu stefndu Erlu, að auglýst hafi verið með þessum hætti, en auglýsing hefur þó ekki verið lögð fram í dómi. Hvað sem því líður, verður ógildingarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina á grundvelli þessarar röksemdar, þar sem ekki er eftir uppboðslögum skylt að auglýsa uppboð í dagblaði.

6) Áfrýjandi heldur því fram, að ólögmætt hafi verið að flytja uppboðsþingið af eigninni sjálfri á skrifstofu uppboðshaldara. Var það gert 18. október, eftir að fram kom beiðni áfrýjanda um greiðslustöðvun. Þegar uppboðsþinginu var haldið áfram á skrifstofunni, var, að því er í uppboðsbók segir, spurt, hvort athugasemdir væru við framkvæmd og undirbúning uppboðsins. Engar athugasemdir komu fram. Telst því fullnægt því skilyrði 23. gr. 3. mgr. uppboðslaga, að víkja megí frá reglu 1. mgr. um að uppboð skuli fram fara á eigninni, ef allir aðilar verða á það sáttir.

7) Loks reisir áfrýjandi dómkröfur sínar á því að með hinni seldu fasteign hafi verið seldir ýmsir munir sem fylgifé hennar án þess að uppboðsheimildir tækju til þeirra.

Í úthlutunargerð og uppboðsafsali, dags. 10. desember 1985, er afsalað til stefndu Erlu Hafliðadóttur sem uppboðskaupanda veitingastofu við Eyraveg ásamt fylgifé og lóðarréttindum. Segir þar nánar svo, að fylgifé með eigninni teljist „öll eldunartæki, ísskápur, uppþvottavél, frystikista, 14 borð, 70 stólar og öll ljósastæði“.

Hvorki af uppboðsskilmálum né af því sem skráð er í uppboðsbók á sölupingunum 23. maí og 18. október 1985 verður séð að munir þessir, sem ekki teljast til venjulegs fylgifjár, hafi verið boðnir

upp með fasteigninni. Fjárnámsgerðir þær sem voru grundvöllur uppboðsins taka ekki heldur til þeirra. Í öðru veðbréfi Landsbanka Íslands segir að vísu að veðsett sé fasteignin: „Veitingarstaður við Eyragötu á Patreksfirði 788 m²“ og jafnframt tekið fram í hinum prentaða texta veðbréfsins að fasteignin sé veðsett með „vélum og öðrum iðnaðaráhöldum, föstum og lausum...“ Ákvæði þetta getur þó engan veginn tekið til þeirra muna sem hér er um að tefla og eigi mátti veðsetja ósérgreinda samkvæmt ákvæðum 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, en upphafsákvæði 6. gr. laganna á hér ekki við. Verður því ekki fallist á það með stefndu Erlu að vegna fyrrgreinds ákvæðis í veðbréfi bankans hafi uppboðssala á fasteigninni ásamt fylgifé tekið til muna þessara.

Samkvæmt framansögðu hefur uppboðshaldari í uppboðsafsalinu 10. desember afsalað uppboðskaupandanum, stefndu Erlu Hafliðadóttur, framangreindum munum þó að þeir hefðu eigi verið boðnir upp á sölupinginu 18. október 1985. Áfrýjandi hefur hins vegar ekki áfrýjað útgáfu uppboðsafsalsins sérstaklega. Var frestur til áfrýjunar þeirrar dómsathafnar og liðinn þegar áfrýjunarstefna var gefin út, sbr. 4. gr. 2. mgr. uppboðslaga, og áfrýjunarleyfi það, er áfrýjandi fékk, tók einungis til uppboðsins 18. október 1985. Verður uppboðsafsalið samkvæmt því ekki úr gildi fellt með dómi í máli þessu.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er rakið eru ekki slíkir annmarkar á uppboðsgerðinni 18. október 1985 að hún verði ómerkt. Ber því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Frávisunarkrafa stefnda ríkissjóðs er ekki tekin til greina.

Ógildingarkrafa áfrýjanda, Eyragrills sf., er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Barðastrandarsýslu 18. október 1985.

Ár 1985, föstudaginn 18. október kl. 10:00 er uppboðsréttur settur í veitingastofunni Eyragrilli á Vatneyri, Patreksfirði og haldinn þar af Stefáni Skarphéðinssyni sýslumanni ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Uppboðsmálið nr. 17/1985, Ásgeir Thoroddsen hdl. og Sigríður Thorlacíus hdl. gegn Eyragrilli sf. að halda nauðungaruppboð á fasteigninni Eyragrilli, Patreksfirði ásamt tilheyrandi fylgifé og lóðarréttindum.

Skjöl málsins nr. 1-77 eru til staðar í réttinum.

Uppboðshaldari leggur fram nr. 78 skeyti frá Steingrími Þormóðssyni hdl. beiðni um greiðslustöðvun.

Tilraun til sölu eignarinnar á öðru og síðasta uppboði var frestað miðvikudaginn 16. október 1985 sbr. bókun þann dag og skyldi sölutilraunum framhaldið í dag.

Gunnar Sæmundsson hdl. mætir fyrir hönd Landsbanka Íslands, Ferðamálasjóðs Íslands, Fjárfestingarfélag Íslands og Ásgeir Thoroddsen hdl.

Hilmar Jónsson sparisjóðsstjóri mætir f.h. Eyrasparisjóðs, Brunabótafélags Íslands og Bygðasjóðs.

Af hálfu uppboðspola mætir annar aðaleigandi Eyragrills sf., Jón Bessi Árnason.

Uppboðsréttinum er frestað og hann fluttur í dómssal embættisins, Aðalstræti 92, Patreksfirði og framhaldið þar kl. 11:00.

Tekið er fyrir dskj. nr. 78 og ákveðið að taka greiðslustöðvunarbeiðni fyrir nú þegar í skiptarétti og fresta uppboðsréttinum aftur til kl. 12:00 í dag.

Kl. 12:00, uppboðsrétti framhaldið í dómssal embættisins Aðalstræti 92, Patreksfirði. Greiðslustöðvunarbeiðni var hafnað með úrskurði í skiptarétti.

Spurt var um hvort einhverjar athugasemdir væru við undirbúning eða framkvæmd uppboðsins, sem nú fer fram og komu engar athugasemdir.

Málsskjöl eru kynnt eftir því sem tilefni er til, en sérstaklega dskj. nr. 13 uppboðsskilmálar og dskj. nr. 77 veðbókarvottorð.

Jón Bessi Árnason óskar eftir bókun svohljóðandi: Eftirtaldir munir, sem eru í veitingahúsinu, eru í eign eftirtalinna aðila:

1. Símasjálfsali, eign Pósts og síma.
2. Spilakassi, eign Rauðakross Íslands.
3. Ölkista, ölvél og það sem henni fylgir er eign Vífilfells hf.
4. Frystikista 250 l, eign Sveins Arasonar.
5. “ 450 l, eign Kjöriss.
6. Útvarp, segulband, magnarar og hátalarar, eign Guðrúnar Gísladóttur.
7. Myndir af bátum, eign Jóns Bessa Árnasonar.

Nú var leitað eftir boðum í eignina og er það annað og síðasta uppboð, en fyrra uppboð fór fram 23. maí 1985 og var hæstbjóðandi þá Hilmar Jónsson f.h. Eyrasparisjóðs með boð að fjárhæð kr. 400.000,-.

Gunnar Sæmundsson hdl. býður kr. 1.000.000,- f.h. Fjárfestingarfélagsins og krefst útlagningar.

Hilmar Jónsson býður f.h. Eyrasparisjóðs og krefst útlagningar kr. 1.300.000,-.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.400.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.500.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.550.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.700.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.750.000,-.

Hilmar Jónsson býður f.h. Byggðasjóðs kr. 1.850.000,- og krefst útlagningar.

Erla Hafliðadóttir býður kr. 1.900.000,-.

Fleiri boð komu ekki og er Erla Hafliðadóttir hæstbjóðandi með boð að fjárhæð kr. 1.900.000,-.

Söluutilraunum er þar með lokið og boðið samþykkt.

Föstudaginn 19. júní 1987.

Nr. 196/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Runólfi Þór Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur verulega. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.